

Úthlutunarreglur fyrir Samfélagssjóð KKB
(sett með vísan í 5. gr., 2. málsgreinar í skipulagsskrá)

1. gr.

Ákvörðun um úthlutun.

Stjórn tekur ákvörðun á stjórnarfundum um úthlutun úr sjóðnum í samræmi við þessar reglur.

2. gr.

Úthlutunarreglur.

Samfélagssjóður KKB veitir styrki til skilgreindra verkefna.

Styrkir eru veittir hópum, sjálfseignarstofnunum og frjálsum félagasamtökum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni.

Sjóðurinn veitir ekki rekstrarstyrki.

Stefna sjóðsins er að styðja verkefni sem hafa breiða samfélagslega skírskotun og möguleika á að hafa jákvæð áhrif á fyrrum félagssvæði KKB, verkefni er lúta að æskulýðs- og menningarstarfi, góðgerðar- og líknarmálum og annarri starfsemi til almenningsheilla.

Stjórn sjóðsins getur átt frumkvæði að því að styrkja málefni sem falla undir stefnu sjóðsins samkvæmt þessari grein.

3. gr.

Aðdragandi og undirbúningur úthlutunar.

Þegar stjórn tekur ákvörðun um úthlutun skal hefjast handa við að undirbúa úthlutunina með eftirgreindum hætti:

- 1) Ákveða verkefnaflokk/flokka
- 2) Ákveða upphæð fyrir hvern verkefnaflokk/flokka
- 3) Semja auglýsingu úthlutunar og umsóknarfrest sem alla jafna skal ekki vera skemmri en fjórar vikur
- 4) Ákveða þær upplýsingar sem óskað er eftir um umsækjendur, en lágmarks upplýsingar skulu vera þessar:
 - a. Nafn, kennitala og heimilisfang umsækjanda
 - b. Upplýsingar sem varpað geta ljósi á starfssemi umsækjanda
 - c. Lýsing og markmið með verkefni því sem sótt er um
 - d. Tilgreining samstarfsaðila ef fleiri en umsækjandi tengjast umsókn
 - e. Áætlun um heildarkostnað verkefnis sem sótt er um

f. Annað það sem umsækjandi vill taka fram

4. gr.

Auglýsing úthlutunar.

Auglýsing skal birtast í staðarblaði sem örugglega nær til félagssvæðisins. Á heimasíðu sjóðsins skulu allar auglýsingar birtar svo og niðurstöður úthlutana.

5. gr.

Ákvörðun um úthlutun úr sjóðnum.

Þegar umsóknarfrestur er liðinn metur stjórnin allar umsóknir. Þegar ákvörðun liggur fyrir svarar stjórn öllum umsækjendum og boðar í framhaldinu til sérstakrar athafnar þar sem úthlutun fer formlega fram.

6. gr.

Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er breytt þessum úthlutunarreglum. Skal það gert á stjórnarfundum og breytingin færð í gerðarbók.

*Þannig samþykkt á 4. stjórnarfundum
stjórnar Samfélagssjóðs KKP þann 10. september 2018*